



## Fundargerð

420. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur, þriðjudaginn 17. apríl 2018 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson oddviti (VP), Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 2 blaðsíður.

Oddviti bauð hann fólki velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst, var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál, þá gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 17. apríl 2018.

1.1 1708019 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60, skipulagstillaga og efnistökuáætlun.

*Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu vegna Vestfjarðarvegar 60 og felur skipulagsfulltrúa að senda tillöguna til athugunar hjá Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði KK.*

1.2 Úthlutun lóða á Reykhólum.

*Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa til úthlutunar 5 einbýlishúsalóðir á Reykhólum skv. úthlutunarskilmálum, staðfestingagjald kr. 20.000. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1804006 - 63. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið í Tálknafirði 2. maí 2018.

Fundarboð frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 13. apríl 2018.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar sveitarstjórnar á 63. Fjórðungspingi Vestfirðinga og fari þannig með 550 atkvæði sveitarfélagsins á þinginu.*

*Karl Kristjánsson varaoddviti 183 atkvæði  
Ágúst Már Gröndal 183 atkvæði  
Sandra Rún Björnsdóttir 184 atkvæði*

*Einnig situr sveitarstjóri þingið og er honum falið að koma kjörbréfum á framfæri við Fjórðungssambandið.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

2. 1804007 - Átak í minkaveiðum 2018.

Sveitarstjórn samþykkir að leita eftir tilboðum í átak í minkaveiðum. KK og sveitastjóra falið málið. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:00.

*Vegna þess að lögboðinn fundur sveitarstjórnar þann 10. maí, lendir á uppstigningardegi, samþykkir sveitarstjórn að flýta honum til 9. maí.*

---

---

---

---

---

---